
Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu



361 Framhaldsskóli Austur- Skaftafellssýslu Skólasamningur 2010 – 2012

Efnisyfirlit

1. Tilgangur	2
2. Áherslur	2
3. Samskipti, fundir, eftirfylgd	4
4. Forsendur skólastarfsins	4
5. Sérstök verkefni skólans.....	7
6. Gildistími, endurskoðun	8
7. Fylgiskjöl samningsins	8

1. Tilgangur

Samningur þessi er á milli mennta- og menningarmálaráðuneytis (ráðuneyti) og Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu (FAS) í samræmi við 2. mgr. 44. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Hann kveður á um helstu áherslur í starfsemi Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu og önnur mikilvæg atriði sem snerta þjónustu og rekstur skólans. Auk þess er hann umgjörð um samskipti og upplýsingamiðlun aðila. Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarsfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólangs.

Samningurinn hefur ekki áhrif á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðherra gagnvart Alþingi á starfsemi skólans eða lögbundnar skyldur hans og takmarkar ekki stjórnunarheimild ráðherra.

2. Áherslur

Sá kafli sem hér fer á eftir lýsir markmiðum skólans við upphaf samningstímans. Ráðuneyti leggur áherslu á að efnahagsaðstæður við undirritun samningsins setja skólum þróngar skorður þar sem niðurskurður ríkisútgjalda er fyrirsjáanlegur. Því gætu sum þeirra markmiða, sem hér eru sett, þarfnað endurskoðunar í ljósi aðstæðna. Kaflinn er opinn til uppfærslu og verða markmiðin rædd á fundum aðila á haustmánuðum og kaflanum breytt ef þurfa þykir.

Helstu áherslur og markmið á samningstímanum eru:

Markmið fyrir árið 2010

Nám:

- að námið verði skipulagt út frá 8 grunnfærniþáttum náms og þriggja þrepa skiptingu
- að ljúka skólanámskrá
- að námið verði skipulagt út frá því hvað nemendur eigi að geta og kunna að því loknu
- að áhersla verði á þjálfun í vinnubrögðum
- að auka vægi verkefna og rannsóknarvinnu í nýrri skólanámskrá
- að námsmat verði þróað í átt að nýju skipulagi náms
- að við gerð nýrrar skólanámskrár verði sérstaklega horft til breytinga á námsmati

Námsframboð:

- að námsframboð nái að uppfylla þarfir sem flestra á svæðinu fyrir framhaldsskólanám
- að aflað verði upplýsinga um fjölda fólks 20 ára og eldri á starfssvæði skólans sem ekki hefur lokið framhaldsskóla og nýta upplýsingarnar síðan til að setja mælanleg markmið hvað þetta varðar
- að námsframboð í starfsnámi verðið í samræmi við uppbyggingu samfélagsins og þarfir þess
- að skoðaðir verði möguleikar á nýju námsframboði í samvinnu einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir og bæjaryfirvöld
- að sérstaklega verði hugað að uppbyggingu náms í matvælagreinum og í ferðaþjónustu
- að vinna að þessu markmiði í samvinnu við Pekkingarnet Austurlands, Menntaskólanum í Kópavogi, Fisktækniskólanum og hagsmunuðila á svæðinu
- að aukið verði námsframboð í verkgreinum og listgreinum til samræmis við aukna áherslu á skapandi greinar á svæðinu

- að vinna að málínu í samvinnu við aðra í Nýheimum og bæjaryfirvöld

Nemendur:

- að nemendur ljúki sinni vinnu utan kennslutíma á skólatíma
- að þessi áhersla verði skýr í nýrri skólanámskrá
- að nemendur skipuleggi sína vinnu í samráð við umsjónarkennara
- að þessi áhersla verði skýr í nýrri skólanámskrá

Kennsla:

- að kennslan sé vel skipulögð og kröfur til nemenda skýrar og tryggja að þetta komi fram með skýrum hætti í kennsluáætlunum
- að kennsluhættir séu fjölbreytilegir
- að ræða kennsluhætti á kennarafundum í tengslum við nýja skólanámskrá
- að áhersla verði á náttúrufarslegar og félagslegar rannsóknir og úrvinnslu gagna og þessi áhersla verði skýr í nýrri skólanámskrá

Stoðþjónusta:

- að nemendur njóti persónubundinnar þjónustu þar sem hver nemandi fær þjónustu í samræmi við sínar þarfir og markmið skólans og þessi áhersla verði skýr í nýrri skólanámskrá

Stjórnun:

- að stjórnunin taki mið af því að nám sé megininntak í starfsemi stofnunarinnar
- að vekja nemendur til vitundar um réttindi þeirra hvað varðar nám og kennslu
- að stjórnun taki mið af því að lýðræði er einn af grunnfærniþáttum náms í öllu framhaldskólanámi
- að koma lýðræði með skýrum hætti inn í kennslu í félagsví sindum í nýrri námskrá
- að stjórnun hvað varðar félagslíf nemenda verði lýðræðisleg bæði hjá stjórnendum skólans og nemendafélagsins
- að þróa vinnubrögð og skipulag nemendafélagsins þannig að nemendaráð miðli upplýsingum og leiti eftir samráði með reglubundnum og skipulögðum hætti

Starfsmannamál:

- að starfsmenn hafi áfram aðstöðu í skólanum til að ljúka allri sinni vinnu innan hans
- að skoða möguleika á að skólinn verði tilraunaskóli hvað varðar skipulag vinnu kennara
- að starfsmenn njóti þess í kjörum að þróa og færa til betri vegar starfsemi skólans
- að starfsmenn fái tækifæri og stuðning til að þróa og viðhalda þeirri færni og þekkingu sem starf þeirra krefst

Fjármál:

- að skólinn starfi innan þess fjárhagsramma sem markaður er í fjárlögum og rekstaráætlun skólans
- að fá upplýsingar í menntamálaráðuneytinu um framlag til skólans utan sértekna
- að gætt verði að því að halda í lágmarki námskostnaði þeirra sem sækja nám við skólann
- að gjaldtökuheimildir verði ekki fullnýttar

3. Samskipti, fundir, eftirfylgd

Samningsaðilar munu leitast við að styrkja samninginn sem umgjörð um formleg samskipti þeirra enda geri lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrmæli ekki ráð fyrir öðru. Eftirfylgd er ekki síður mikilvæg en samningurinn sjálfur og mun hluti hennar felast í þróun aðferða við að meta og bera saman árangur skóla.

Samskiptahættir

Aðilar eru sammála um að þær meginreglur gildi í samskiptum þeirra, formlegum sem óformlegum að unnið sé í góðri trú og traust ríki milli þeirra.

Umfjöllun sé málefnaleg og vinnulag einkennist af gegnsæi og skjótum viðbrögðum.

Samvinna sé eftir föngum um lausn mála og hagsmuna nemenda gætt í hvívetna.

Formlegir samráðsfundir

Reglulegir fundir FAS og ráðuneytis á samningstímanum eru a.m.k. tveir á hverju ári. Á haustfundum koma fulltrúar ráðuneytis í skólann en á vorönn sækja fulltrúar skólans fund í húsakynnum ráðuneytis. Öll mikilvægustu mál sem varða skólann og báðir aðilar þurfa að fjalla um eru rædd á fundunum og komið í farveg sem leiðir til niðurstöðu. Fundirnir þjóni þó fyrst og fremst þeim tilgangi að fara yfir samninginn og áherslur aðila skv. kafla 2 og meta sameiginlega hvernig tekst að fylgja þeim eftir.

Farið er yfir verk- og framkvæmdaáætlun skólans um innra mat og framgang hennar og niðurstöður matsins, þ.e. þeirra þátta sem unnið er að hverju sinni. Jafnframt er fjallað um niðurstöður ytra mats og kannana, ef um slíkt er að ræða, svo og annarra eftirlitsþáttu.

Á vorfundi liggur fyrir árskýrsla skólans til umræðu en á haustfundi er skýrsla skólans um innra mat á liðnu skólaári tekin fyrir. Þá getur ráðuneyti óskað eftir framvinduskýrslum eftir atvikum.

Einnig eru tekin fyrir fjármál og rekstur skólans og sérverkefni ef einhver eru skv. kafla 5 sem og helstu breytingar á starfi skólans.

Þá eru önnur mál tekin fyrir til úrlausnar eftir því sem þarf.

Dagskrá fundanna skal liggja fyrir með minnst víku fyrirvara.

4. Forsendur skólastarfsins

Í þessum kafla er rætt um hvernig haga þarf nokkrum þáttum í starfsemi skólans svo hægt sé að vinna eftir samningnum og uppfylla ýmsar skyldur sem hvíla á aðilum hans, meðal annars samkvæmt lögum.

Hlutverk og skipulag

FAS er um 200 nemenda bóknáms- og starfsnámsskóli í Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Við skólann eru þrjár stúdentsbrautir, almenn braut, sérkennsla, skipstjórnarnám og vélstjórnarnám. Auk þess býður skólinn upp á fjölbreytilegt tilfallandi starfsnám í samvinnu við aðra frambaldsskóla á Austurlandi, svo sem skrifstofubraut og sjúkraliðanám. Nám við skóla er skipulagt út frá vinnu nemenda og við það miðað að hver þriggja eininga áfangi sé 100 klukkustundir í vinnu fyrir nemanda eða sem svarar um 33 þrjár stundir á einingu hvort sem er um að ræða fulla kennslu, verkefnaáfanga eða fjarkenndan áfanga. Nemendur í fullu námi við skólann skipuleggja í samráði við umsjónarkennara vinnuviku sína í samfelldri vinnu frá 8 til 17 virka daga og er við það miðað að þeir ljúki námi innan þess tíma Nemendur vinna einnig verkefnadagatal úr frá kennsluáætlunum þar sem þeir skipuleggva verkefnaskil sín innan þess tímaramma sem gefinn er í kennsluáætlunum. Mikil áhersla er

lögð á einstaklingsbundna þjónustu við nemendur, meðal annars með viðtölum og umsjónarkerfi. Aðrar áherslur í starfi skólans eru frumkvöðlanám, hópvinna, rannsóknir á náttúru og samfélagi, öflugt félagslíf og erlent samstarf. Fjarnemendur er margir við skólann og eru þeir einkum í skipstjórnarnámi og vélstjórnarnámi en einnig í almennu bóknámi og þá aðallega á efri árum stúdentsbrauta. Við skólann starfar skólameistari og starfsmenn heyra allir beint undir hann. Starfsmenn í fullu starfi eru á bilinu 15 til 20 auk stundakennara.

Skólanámskrá

FAS gefur út skólanámskrá í samræmi við 22. og 23. grein laga um framhaldsskóla og almennan hluta aðalnámskráar. Skólanámskráin er sá grunnur sem byggt er á þegar mat er lagt á gæði skólastarfs og árangur af því. Stefna skólans er því sett fram og útfærð í almennum hluta hennar á þann hátt að meta megi hversu vel skólanum tekst að framfylgja henni. Þar er einnig gerð grein fyrir nánari útfærslu á hlutverki skólans sem og stefnu skólans í forvörnum, móttöku erlendra nemenda, námsúrræðum fyrir nemendur með leshömlun og öðrum lögbundnum skyldum. Hinn hluti skólanámskrár fjallar um námsbrautarlýsingar og eru þær háðar staðfestingarferli ráðuneytis.

Innleiðing nýrra námsbrauta

FAS þróar eftirtalið nám og námsbrautir inn í viðmiðaramma ráðuneytis:

- Stúdentspróf. Unnið er að endurskiplagningu stúdentsnáms við skólann þar sem gert er ráð fyrir aukinni áherslu á rannsókna- og verkefnabundið nám í tengslum við náttúru og samfélag á svæðinu. Miðað er við að brautirnar verði þrjár. Ein með áherslu á félagsvísindi. Önnur með áherslu á náttúrvísindi og sú þriðja opinni áherslu sem ákveðin verður í samvinnu nemanda og skóla svo sem svo sem starfsnám.
- Göngu- og útvistarleiðsögn. Í náminu verður lögð áhersla á nám á vettvangi úti í náttúrunni og hugsað fyrir fólk sem leiðsegin í fallamennsku og við erfiðar aðstæður.
- Grunnnám matvælagreina. Almennt nám fyrir allar greinar matvæla í svipuðum dúr og núverandi nám en þó með áherslu á fagbóklegar greinar.
- Framhaldsskólapróf. Unnið í þeim anda sem núverandi almenn braut skólans er skipulöð út frá það er að skipleggja tveggja ára nám með hverjum og einum út frá hans forsendum. Sérstaklega verður horft til þess að auka vægi verk- og listgreina í þessu samhengi.

Það er gert í samvinnu og samráði við ráðuneyti og veitir það aðstoð og upplýsingar í þróunarferlinu. FAS fer eftir þeim viðmiðum, sniðmátum og reglum sem settar eru við framsetningu námsbrauta. Gert er ráð fyrir að staðfestingarferli ráðuneytis taki til framsetningar og uppbyggingar námsbrautar, staðsetningar á hæfniþrep og fjárhagslegs svigrúms til rekstrar námsbrautarinnar.

Innritun/inntaka

FAS nýtir sameiginlegt innritunarkerfi fyrir framhaldsskólana sem ráðuneyti rekur. Skólinn sér um að opna fyrir umsóknir og innritar á sameiginlegum innritunartíma tvívar á ári sem ráðuneyti ákveður en ræður að öðru leyti hvenær hann tekur við umsóknum. Ráðuneyti gefur út nánari viðmiðunarreglur og tímaramma um meðferð umsókna.

Inntökuskilyrði

- Til að komast inn á starfsnámbrautir þarf nemandi að hafa lokið grunnskóla og að hafa lokið undanförum sem skilyrði eru sett um í einstaka áföngum.
- Til að komast á brautina Almennt nám þarf nemandi að hafa lokið grunnskóla og hafa farið í viðtal til námsráðgjafa þar sem námið er skipulagt.

- Til að komast inn á stúdentsprófsbrautir þarf nemandi að hafa lokið grunnskóla og fengið einkunnina 6 á grunnsólaprófi í að lágmarki þremur af eftirtöldum fjórum námsgreinum: Íslenska, stærðfræði, danska og enska.
- Til að fá sérkennslu þarf nemandi að hafa lokið grunnskóla, hafa sótt um það sérstaklega og lagt fram viðeigandi gögn.
- Til að komast inn í einstaka áfanga þurfa nemendur að hafa uppfyllt skilyrði um undanfara.

Innra og ytra mat

Markmið innra mats og ytra mats er að auka gæði náms og skólastarfs.

Kerfisbundið **innra mat** skóla á árangri og gæðum fer eftir 41. gr. laga um framhaldsskóla, reglugerð á grundvelli 42. gr. laganna og ákvæðum í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

Við matið er gengið út frá markmiðum í skólanámskrá, þau gerð mælanleg eða fundnar áreiðanlegar vísbendingar um að starfið sé í samræmi við markmið.

Matið er umbótamiðað, skýrsla er gerð um þá þætti sem eru metnir hverju sinni og greint opinberlega frá helstu niðurstöðum og umbótum í kjölfarið, þar á meðal í árskýrslu skólans til ráðuneytis.

Matsskýrsla þarf að geta verið ein af helstu undirstöðum ytra mats og vera aðgengileg ráðuneytinu á rafrænu formi.

Skólinn gerir ráðuneyti grein fyrir **verk- og framkvæmdaáætlun** um innra mat til næstu þriggja ára. Áætlunin greini meðal annars frá sjálfsmatsaðferð skóla og þáttum sem koma til mats á hverju ári. Hún er endurskoðuð árlega og einu ári bætt við þannig að ávallt séu þrjú ár undir. Skólinn kynnir ráðuneyti nýjustu áætlun hverju sinni og er miðað við að hún verði fylgiskjal með samningnum. Hann greinir frá framvindu áætlunarinnar í árskýrslu og er hún rædd á fundum um skólasamninginn.

Ytra mat ráðuneytis fer eftir 42. gr. laganna og reglugerð sem sett er á grundvelli hennar. Ráðuneyti gefur árlega út áætlun til þriggja næstu ára um ytra mat (úttekt) á framhaldsskólum sem kynnt er á fundi um skólasamninginn. Þegar niðurstaða ytra mats á skólanum liggur fyrir er hún rædd á fundi með fulltrúum hans.

Upplýsingamiðlun

FAS nýtir sameiginlegt **háhraðanet „FS-net“** með öðrum framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum og eiga skólanir fulltrúa í stjórn netsins sem sér um rekstur, viðhald og ákveður gjaldskrá.

Ráðuneyti rekur gagnagrunninn og **vefþjónustuna Skinnu** sem er ætlað að safna tilteknum upplýsingum frá framhaldsskólum og gera ráðuneyti þannig kleift að uppfylla lagalegar skyldur sínar um eftirlit.

FAS skilar inn þeim gögnum sem ráðuneyti óskar eftir í samræmi við 55. gr. laga 92/2008 og reglugerð um söfnun upplýsinga.

Ráðuneyti vinnur að því að þróa **nýjan námskrárgrunn** með viðmóti fyrir skólana og munu þeir sjá um að setja inn brautarlysingar og skila inn áfangalýsingum eftir því sem reglur segja til um.

Einnig sjá skólar um að setja upplýsingar um það nám sem boðið er upp á inn í nýja **Menntagátt** og rafræna upplýsingavefinn **Nám að loknum grunnskóla**. Stefnt er að því að þessi gögn verði samkeyrð og jafnvel tengd vefsíðum skólanna.

Fjármál, rekstur

Lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins kveða meðal annars á um gerð fjárlagafrumvarps, bókhald og ársreikning og um framkvæmd fjárlaga. Reglugerð nr. 1061/2004 kveður ásamt fleiri reglugerðum á um framkvæmd fjárlaga. Fjárlög eru sett fyrir citt ár í senn og ber forstöðumönnum að virða fjárheimildir.

Ráðuneyti skilar fjárlagatillögum vegna framhaldsskóla til fjármálaráðuneytis og annast samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar eftir því sem ríkisstjórnin ákveður. Fjármálasvið ráðuneytis annast þessi mál í samvinnu við skrifstofu menntamála. Framhaldsskólar skila upplýsingum vegna fjárlagagerðar til ráðuneytis, meðal annars um nemendatölur.

Fjárlagatillögur ráðuneytis vegna skóla geta byggst á eftirfarandi, enda þótt hver skóli fái ósundurgreinda fjárveitingu í fjárlögum:

- Reglugerð nr. 335/1999 um reiknilíkan til að reikna út kennslukostnað framhaldsskóla og líkaninu sjálfu sem uppfært er árlega. Frá og með árinu 2010 tekur líkanið ekki til húsaleigu.
- Leigusamningum skóla við Fasteignir ríkissjóðs sem ráðuneytið hefur staðfest áður en fjárlagafrumvarp liggur fyrir.
- Óski skóli eftir framlagi vegna annarra leigusamninga þarf að ná niðurstöðu um slíkt við ráðuneytið.
- Sérstökum verkefnum skóla samkvæmt 5. kafla samningsins.
- Skólinn skilar ráðuneytinu áætlunum og upplýsingum í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga og eftir því sem nánar er ákveðið. Hann færir fjárhagsbókhaldið í bókhaldskerfi ríkisins og ber skólameistari/rektor hans ábyrgð á fjárreiðum skólans og að bókhaldið sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

Skólinn er í Nýheimum sem er sameiginlegt húsnæði ýmissa stofnanna og fyrirtækja sem vinna að menntun, menningarmálum, rannsóknunum og nýsköpun á svæðinu. Húsnæðið er í eigu ríkisins, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Háskóla Íslands. Sveitarfélagið annast daglegan rekstur húsnæðisins fyrir skólann samkvæmt samningi frá 6. febrúar 2006, samanber viðhengi. Auk þess leigir skólinn húsnæði til viðbótar fyrir verknám og heimavist og vegna fjarkennslu og íþróttakennslu.

Fermetratala skólans er: 1500 m² í eigu skólans en leighúsnæði er breytilegt eftir verkefnum og umfangi starfsemi.

5. Sérstök verkefni skólans

Um er að ræða annars vegar sérstök rekstrarverkefni sem skóli tekur að sér og skal þá aðgreina rekstrarútgjöld og rekstrartekjur vegna þeirra frá öðrum rekstri í bókhaldi skólans. Hins vegar er um að ræða þróunarverkefni sem njóta styrkja úr sjóðum ráðuneytis og gerður er sérstakur samningur um.

Þróunarverkefni

- Skólinn fékk styrk til þróunar fjarnáms í vélstjórn. Styrkurinn var liður í mótvægisáðgerðum vegna niðurskurðar á þorskveiðum. Verkefinu lýkur á þessu ári.
- Skólinn er þátttakandi í verefninu Northen Environmental Education Development, (NEED) sem er styrkt af áætluninni Northen Periphery Programme . Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði leiðir verkefnið

- Tvö nemendaskiptaverkefni eru gangi. Annað við Pólland sem líkur í vor og hitt við Þýskaland sem lýkur í haust. Þýskalandsverkefnið er í samvinnu við Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólann á Egilsstöðum.
- Sótt hefur verið um styrki til þróunar náms. Bæði í Verkefnasjóð skólasamninga og Sprotasjóð mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- FAS var veittur styrkur úr verkefnasjóði skólasamninga í júní 2010 til verkefnisins:
Skóli og grásrótar listnám að upphæð 500.000,- krónur.
- FAS var veittur styrkur úr Sprotasjóði til verkefnisins:
FAS og grenndarsamfélagið að upphæð 1.500.000,- krónur.

6. Gildistími, endurskoðun

Samingur þessi er gerður til þriggja ára og gildir frá 1. janúar 2010.

Farið skal yfir framkvæmd þessa samnings reglulega á gildistímanum sbr. 3. kafli og gert ráð fyrir hann sé endurskoðaður árlega og uppfærður að loknum vorfundi ár hvert.

7. Fylgiskjöl samningsins

Verk- og framkvæmdaáætlun um innra mat.

Vefslóð: http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=365&Itemid=106

Almennur hluti skólanámskrár sem inniheldur stefnuskrá skólans, starfsmarkmið og starfsáætlun – vefslóð

http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=category§ionid=4&id=78&Itemid=47

http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=category§ionid=4&id=79&Itemid=50

Reiknilíkan – eintak skólans í excelskjali hefur verið sent

Skýrslur – innra mat, árskýrsla

Listi yfir námsbrautir

http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=category§ionid=4&id=80&Itemid=51

Skipurit Sjá skólanámskrá

Vefslóð: http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=80&Itemid=50

Þjónustusamningur um rekstur húsnæðis skólans.

Hófn 23.6. 2010

staður og dagsetning undirritunar

Katrin Júlíóldóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Egils M. Guðmundsson
skólameistari

Kristján Þórðar Þóris
formaður skólanefndar